

Nafn: _____

VMA / ÍSAN
haustönn 2023

Íslenska fyrir alla **3**



HEFTI 1 (5 kaflar)

Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir
Myndir eftir Böðvar Leós

Efnisyfirlit

hefti 1

1. Nágrannar	4
Hvað kann ég?	11
Sjálfsmat	12
Málfræði	14
2. Staðir	16
Hvað kann ég?	25
Sjálfsmat	26
Málfræði	27
3. Heima er best	29
Hvað kann ég?	36
Sjálfsmat	37
Málfræði	38
4. Venjur og siðir	40
Hvað kann ég?	47
Sjálfsmat	48
Málfræði	49
5. Neyðarlínan	51
Hvað kann ég?	57
Sjálfsmat	58
Málfræði	59


hefti 2

6. Fjölskyldulíf	61
Hvað kann ég?	71
Sjálfsmat	72
Málfræði	73
7. Atvinnuleit	75
Hvað kann ég?	84
Sjálfsmat	85
Málfræði	86
8. Á ferð og flugi	89
Hvað kann ég?	99
Sjálfsmat	100
Málfræði	101
Íslenska fyrir alla 3 - Hvað kann ég?	104
Íslenska fyrir alla 3 - Sjálfsmat	107



1. Húsið

1.1 Skoðu myndina. Hvað er fólk að gera?



1.2 Hver býr hvar?

Lestu lýsingarnar og merktu íbúðirnar með réttum tölustaf



1. Adam er helgarpabbi. Hann á eina dóttur sem kemur stundum til hans um helgar. Hún heitir Lovísa og er fimm ára. Þau gera alltaf eitthvað skemmtilegt þegar Lovísa er í heimsókn. Adam les bók fyrir Lovísu. Hún er þreytt og fer bráðum að sofa.

Hvar búa þau?

2. Rúna og Kím eru í sambúð. Þær eiga von á barni eftir tvo mánuði og eru mjög spenntar. Þær eru núna að undirbúa matarboð. Rúna skúrar gólfíð en Kím eldar svínakjöts pottrétt. Kötturinn Keli horfir á. Hann er líka svangur! *Hvar búa þær?*

3. Giovanni er óperusöngvari. Hann er að fara í vinnuna á eftir en núna er hann í baði og syngur í baðinu! Hann er fráskilinn og býr einn. *Hvar býr hann?*

4. Guðrún er einstæð móðir. Helga, litla dóttir hennar, sem er tveggja ára, situr á gólfinu og leikur sér með kubba. Jón, bróðir Guðrúnar, situr í sófanum og vinnur í tölvunni en Guðrún talar í símann og brosir. *Hvar búa þau?*

5. Ivona og Anders eru þreytt hjón. Þau eiga fimm börn. Rebekka, eins árs, vill ekki fara í náttfötin og grætur. Sören og Nanna eru átta ára tvíburar og eru alltaf að rífast, líka núna. Emil er þriggja ára prakkari og hann er uppi á borði og Kristína skýtur mömmu sína með vatnsbyssu. *Hvar búa þau?*

6. Rodrigo er búinn að elda góðan mat fyrir kærastann, Kjartan. Þeir borða nautasteik og drekka rauðvín. Það er dúkur á borðinu og kerti. Mjög rómantískt!

Hvar búa þeir?

Einhver er í stigaganginum að koma í heimsókn með blómvönd.

Hvert er hann að fara? Hvað heldur þú?

1.3 Merktu við rétta hæð



1. Rodrigo og Kjartan búa á
2. Ivona, Anders og börnin fimm búa á
3. Adam og Lovísa búa á
4. Rúna og Kim búa á
5. Giovanni býr á
6. Jón, Guðrún og Helga búa á

- ___ fyrstu hæð til hægri.
___ fyrstu hæð til vinstri.
___ annarri hæð til hægri.
1 annarri hæð til vinstri.
___ þriðju hæð til hægri.
___ þriðju hæð til vinstri.

1.4 Tölum saman!



- a) Komdu sæl/I. Hvað heitir þú?
- b) Hvaðan ertu?
- c) Hvað ertu búin/n að vera lengi á Íslandi?
- d) Áttu börn?
- e) Hvað eru þau gömul?
- f) Hvað finnst þér gaman að gera?
- g) Hvað ætlar þú að gera á morgun?
- h) Hvað langar þig að gera á morgun?
- i) Hvað gerir þú á hverjum degi?

Hvað er hann **gamall**?

Hvað er hún **gömul**?



- Hann/hún er eins árs (1).
Hann/hún er tveggja ára (2).
Hann/hún er þriggja ára (3).
Hann/hún er fjögurra ára (4).
Hann/hún er fimm ára (5).

1.5 Segið frá hvort öðru



Hann/hún heitir _____.

Hann/hún er frá _____.

Hann/hún er búin að vera _____ á Íslandi.

Honum/henni finnst gaman að _____.

Hann/hún ætlar _____ á morgun.

Hann/hana langar _____ á morgun.

Hann/hún _____ á hverjum degi.

1.6 Ég, þú og við. Skrifaðu orðin sem vantar



	Ég -a	Þú -ar	Við -um
að tala	Ég tala oft í síma.	Talar þú oft í síma?	Við tölum oft í síma.
að elda	Ég elda stundum fisk.	Eldar þú stundum fisk?	Við e _____
að borða	Ég borða aldrei kjöt.	B _____?	Við _____
að spila	Ég spila bridds.	_____?	_____
að skúra	Ég _____	Skúrar þú gólfid?	_____
að teikna	Ég _____	_____?	Við teiknum mynd.
	Ég -i	Þú -ir	Við -um
að horfa	Ég horfi á sjónvarpið.	Horfir þú á sjónvarpið?	Við horfum á sjónvarpið.
að heita	Ég heiti Adam.	H _____?	Við heitum Adam og Eva.
að brosa	Ég _____	Brosir þú oft?	_____
að læra	Ég læri alltaf heima.	_____?	_____
að gera	_____	_____	Við gerum við bílinn.
	Ég -	Þú -ur	Við -um
að vinna	Ég vinn í bakaríi.	Vinnur þú í bakaríi?	Við vinnum í bakaríi.
að sitja	Ég _____	Situr þú mikið?	Við sitjum mikið.
að leika	Ég leik við börnin.	_____?	_____
að gráta	Ég græt stundum.	_____	Við grátum stundum.
að drekka	Ég _____	Drekkur þú kaffi?	_____
að syngja	Ég syng vel.	_____?	Við syngjum vel.
að sofa	Ég _____	Sefur þú illa?	Við sofum vel.
að koma	Ég kem á eftir.	_____ á morgun?	Við komum í kvöld.
að hafa	Ég hef mikið að gera.	_____?	Við höfum mikið að gera.
	Ég -	Þú -rð	Við -um
að þvo	Ég þvæ þvott á morgun.	Þværð þú þvott á morgun?	Við þvöum þvott á morgun.
að búa	Ég _____	Býrð þú á annarri hæð?	Við búum á annarri hæð.
að hlæja	Ég hlæ mikið.	_____?	_____
	Ég -r/-s	Þú -rð/-st	Við -um
að fara	Ég fer snemma.	_____?	Við förum snemma.
að lesa	Ég les bók á kvöldin.	_____ þú bók á kvöldin?	_____

1.7 Giovanni

Hann heitir Giovanni. Hann býr á fjórðu hæð. Hann er óperusöngvari.

Hann vinnur á kvöldin. Hann drekkur te áður en hann fer að sofa.

Hann sefur vel og lengi. Á morgnana borðar hann egg og beikon og syngur í baði!



Skrifaðu textann aftur en notaðu núna **ég**



Ég **heiti** Giovanni. Ég _____

1.8 Ivona og Anders

Þau heita Ivona og Anders. Þau búa á annarri hæð. Þau eiga fimm börn.

Þau hafa mikið að gera heima. Þau lesa, teikna, leika, gráta og hlæja

á hverjum degi með börnunum. Á kvöldin eru þau þreytt og tala ekki mikið saman.



Skrifaðu textann aftur en notaðu núna **við**



Við **heitum** Ivona og Anders. Við _____



Hvað segir Fríða frænka?

Allir sem eiga heima í fjölbýlishúsi eru í húsfélagi og borga í hússjóð. Í húsinu er sameign sem allir eiga saman, t.d. stigagangur, lyfta, geymslugangur, þvottahús og garðurinn.


1.9 Tölum saman!



Skrifaðu orðin sem vantar og spurðu svo

- a) _____ þú kaffi á morgnana? *Já, ég drekk kaffi á morgnana.*
Nei, ég _____.
- b) Grætur _____ stundum? *Já, ég _____.*
Nei, ég _____.
- c) _____ þú oft fisk? *Já, ég elda oft fisk.*
Nei, _____.
- d) _____ þú heima á hverjum degi? *Já, ég _____ heima á _____ degi.*
Nei, ég læri ekki _____.
- e) _____ þú oft? *Já, ég brosi oft.*
Nei, ég _____ ekki oft.
- f) _____ þú á fyrstu hæð? *Já, ég _____ á fyrstu hæð.*
Nei, ég bý _____.

2. Ólíkar fjölskyldur



2.1 Skrifaðu eða segðu frá þér og fjölskyldu þinni




2.2 Könnun 1

Hvað gerir þú á hverjum degi? Merktu við já, nei eða stundum



- | | | | |
|------------------------|-----------------------------|------------------------------|----------------------------------|
| Ég bursta tennurnar | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> stundum |
| Ég spila fótbolta | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> stundum |
| Ég segi „góðan daginn“ | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> stundum |
| Ég brosi | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> stundum |
| Ég skúra gólfíð | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> stundum |
| Ég syng í sturtu | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> stundum |
| Ég fer á netið | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> stundum |
| Ég tala íslensku | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> stundum |
| Ég tala við mömmu mína | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> stundum |
| Ég þvæ þvott | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> stundum |
| Ég les | <input type="checkbox"/> já | <input type="checkbox"/> nei | <input type="checkbox"/> stundum |



2.3 Könnun 2

Hvað gerir þú á hverjum degi?

Skrifaðu spurningar og spurðu svo alla í bekknum



- Dæmi: Brosir þú (á hverjum degi)? já nei stundum
- _____ já nei stundum


2.4 Hvað gerir þú um helgar eða þegar þú átt frí?



3. Hvað kann ég?



Krossgáta



➔ Lárétt:

3 Ég ... þvott á hverjum degi.



4 Hún ... í sófanum.

8 Adam er ...



12 Við ... á annarri hæð.

13 Amma ... kaffi.



14 Jón situr í ...

17 Haraldur er ... (18) ára.

18 Giovanni er ...



19 ... þú í baði?



20 Ég burstu tennurnar á ... degi.

⬇ Lóðrétt:

1 Helga er ... (2) ára.



2 Guðrún ...

5 Þau spila ...



6 Kim ... pottrétt.



7 Jón og Guðrún eru í ...

8 Hver er að koma í ...?



10 Rodrigo og Kjartan eru ...

11 Elín og Magnús horfa á ... í sjónvarpinu.

15 Ég bý á ... (1.) hæð.

16 Anders og Ivona ... fimm börn.

18 Við ... snemma í vinnuna.

4. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann orð um ólíkar fjölskyldur



2. Ég kann að segja hvað fólk er að gera

Hún skúrar gólf

Hún brosir

Þau læra heima

Hann vinnur í tölvunni

Þau spila

Þau horfa á fréttir

Þau hlæja

Þær undirbúa matarboð

Hann grætur

Þeir borða góðan mat og drekka vín

3. Ég kann að segja á hvaða hæð fólk býr

á fyrstu hæð

á annarri hæð

á þriðju hæð

á fjórðu hæð

4. Ég kann sagnirnar

að tala

ég tala

þú talar

við tölum

að elda

ég elda

þú eldar

við eldum

að brosa

ég brosi

þú brosir

við brosum

að læra

ég læri

þú lærir

við lærum

að vinna

ég vinn

þú vinnur

við vinnum

að gráta

ég græt

þú grætur

við grátum

að búa

ég bý

þú býrð

við búum

5. Ég kann að segja

- Ég bursta tennurnar á hverjum degi
- Ég fer á netið á hverjum degi
- Ég les á hverjum degi
- Ég þvæ þvott á hverjum degi

6. Ég kann að spyrja

- Hvað gerir þú á hverjum degi?
- Brosir þú á hverjum degi?
- Lærir þú heima á hverjum degi?
- Ferð þú á netið á hverjum degi?

7. Ég kann að segja hvað ég geri um helgar eða þegar ég á frí

8. Hvað lærði ég fleira í 1. kafla?

9. Hvað ætla ég að nota?

10. Hvað þarf ég að læra betur?

Sagnir - nútíð

Regla 1 -a, -ar sagnir

	ég	þú	hann/hún/það	við	þið	þeir/þær/þau
að tala	tala	talar	talar	tölum	talið	tala
að elda	elda	eldar	eldar	eldum	eldið	elda
að borða	borða	borðar	borðar	borðum	borðið	borða
að spila	spila	spilar	spilar	spilum	spilið	spila
að skúra	skúra	skúrar	skúrar	skúrum	skúrið	skúra
að teikna	teikna	teiknar	teiknar	teiknum	teiknið	teikna

Regla 2 -i, -ir sagnir

	ég	þú	hann/hún/það	við	þið	þeir/þær/þau
að horfa	horfi	horfir	horfir	horfum	horfið	horfa
að heita	heiti	heitir	heitir	heitum	heitið	heita
að brosa	brosi	brosir	brosir	brosum	brosið	brosa
að læra	læri	lærir	lærir	lærum	lærið	læra
að gera	geri	gerir	gerir	gerum	gerið	gera

Regla 3 -ur sagnir

	ég	þú	hann/hún/það	við	þið	þeir/þær/þau
að vinna	vinn	vinnur	vinnur	vinnum	vinnið	vinna
að sitja	sit	situr	situr	sitjum	sitjið	sitja
að leika	leik	leikur	leikur	leikum	leikið	leika
að drekka	drekki	drekkur	drekkur	drekku	drekkið	drekka
að syngja	syng	syngur	syngur	syngjum	syngið	syngja
að gráta	græt	grætur	grætur	grátum	grátið	gráta
að sofa	sef	sefur	sefur	sofum	sofið	sofa
að koma	kem	kemur	kemur	komum	komið	koma
að hafa	hef	hefur	hefur	höfum	hafið	hafa

Regla 4 og 5

	ég	þú	hann/hún/það	við	þið	þeir/þær/þau
að þvo	þvæ	þværð	þvær	þvöum	þvoið	þvo
að búa	bý	býrð	býr	búum	búið	búa
að hlæja	hlæ	hlærð	hlær	hlæjum	hlæið	hlæja
að fara	fer	ferð	fer	förum	farið	fara
að lesa	les	lest	les	lesum	lesið	lesa

Raðtölur

	Petta er + nefnifall	Ég bý á + þágufall
1. hæð	Petta er fyrsta hæð.	Ég bý á fyrstu hæð.
2. hæð	Petta er önnur hæð.	Ég bý á annarri hæð.
3. hæð	Petta er þriðja hæð.	Ég bý á þriðju hæð.
4. hæð	Petta er fjórða hæð.	Ég bý á fjórðu hæð.
5. hæð	Petta er fimmta hæð.	Ég bý á fimmtu hæð.
6. hæð	Petta er sjötta hæð.	Ég bý á sjöttu hæð.
7. hæð	Petta er sjöunda hæð.	Ég bý á sjöundu hæð.

Tölur - aldur

Hvað er hann gamall? Hvað er hún gömul?		Hvað ert þú gamall? Hvað ert þú gömul?	
1 árs	eins árs	21 árs	tuttugu og eins árs
2 ára	tveggja ára	32 ára	þrjátíu og tveggja ára
3 ára	þriggja ára	43 ára	fjörutíu og þriggja ára
4 ára	fjögurra ára	54 ára	fimmtíu og fjögurra ára
5 ára	fimm ára	25 ára	tuttugu og fimm ára
6 ára	sex ára	36 ára	þrjátíu og sex ára




Orðabanki – Notaðu orðabók



orð	þýðing	orð	þýðing
að brosa		hæð	
að eiga von á barni		kærasta	
að gráta		kærasti	
að hlæja		lesbía	
einhleyp/ur		matarboð	
einstæð/ur		óperusöngvari	
fráskilin/n		sambúð	
fréttir		tvíburar	
giftur		unglingur	
helgarpabbi		þvottur	
hommi			



veitingastaður/skemmtistaður kirkja listasafn skartgripabúð hótél




1. Nýfluttur í bæinn



H3.7

John er nýfluttur til Íslands frá Kanada. Konan hans heitir Peggy og er ljósmóðir og hefur búið á Íslandi í þrjú ár. John er listamaður en fékk vinnu á smíðaverkstæði við að smíða eldhúsinnréttingar. Honum líst vel á litla bæinn sem hann býr í núna en honum finnst fátt fólk úti á götu. Hann sér aldrei neinn! Í dag er föstudagur og John ætlar að skoða bæinn í rólegheitum.



Fyrst fer hann á bókasafnið. Hann fær bókasafnskort og fær lánaðar nokkrar bækur á ensku. Á bókasafninu er líka hægt að fá lánaða geisladiska, bíómyndir og tímarit. Eftir heimsóknina á bókasafnið fer John í göngutúr í fallegum garði. Hann gengur um og tekur myndir af stytum og trjám þangað til það byrjar að rigna. Þá flýtir hann sér inn á bæjarskrifstofuna og fær hjálp við að skrá lögheimilið sitt.



Hann fer einnig á skattstofuna og fær skattkort. Hann drífur sig líka í bankann og opnar bankareikning. Eftir þetta er hann svangur. Hann fer á kaffihús og pantar sér samloku og einn stóran bjór. Honum bregður þegar hann sér hvað reikningurinn er hár!

1.2 Spyrjið og svarið



1. Hvað hefur Peggy búið lengi á Íslandi?
2. Hvernig líst John á bæinn? *Honum ...*
3. Hvað gerir John á bókasafninu?
4. Hvað gerir John í garðinum?
5. Hvað gerir John í bankanum?
6. Af hverju bregður John á veitingastaðnum? *Af því að ...*

Mér **bregður** stundum.
Mér **brá** í gær!



Hvað segir Fríða frænka?

Á Íslandi skráir þú lögheimili þitt í Þjóðskrá. Það er líka hægt fylla út eyðublað á netinu, prenta það út og senda til: Þjóðskrá, Borgartúni 21, 105 Reykjavík. Fax: 515- 5310, www.fasteignaskra.is (eyðublaðið heitir: *Flutningstilkynning innanlands*).

Hvernig líst þér á vinnuna?	Mér líst vel á vinnuna. Mjög vel. Frekar illa.
Hvernig líst honum/henni á nýju íbúðina?	Honum/henni líst vel á íbúðina. Bara vel.

að taka
Hann **tekur myndir** á myndavél.
Hún **tekur bensín** á bensínstöð.
Ég **tek út peninga** í banka.

að fá
Hann **fær** bækur á bókasafni.
Hún **fær** búsetuleyfi á næsta ári.
Ég **fæ** debetkort í banka.

1.3 Tengdu rétt saman

- John skoðar blóm og tré _____ í bankanum.
- Hann drekkur te _____ á skattstofunni.
- Hún fær skattkort _____ á bókasafninu.
- John situr og les _____ í garðinum.
- Dísa fær debetkort _____ á kaffihúsinu.

1.4 Skrifaðu rétt orð

garðinn bókasafnið kaffihúsið bankann skattstofuna

- John fer í _____ til að opna reikning.
- Hann fer á _____ til að skoða ný tímarit.
- Hún ætlar að skila skattskýrslunni á _____ á morgun.
- Ég fer á _____ um helgar til að fá gott cappuccino.
- Við hlaupum alla leið í _____ þegar það er gott veður.

1.5 Hvað er hægt að gera?

Tengdu rétt saman



- | | |
|-------------------------------|--|
| 1. Í hraðbanka er hægt að | ___ borða góðan mat. |
| 2. Í kirkju er hægt að | ___ kaupa hringa, hálsmen og eyrnalokka. |
| 3. Í bíó er hægt að | ___ leggja bílum og borga í stöðumæli. |
| 4. Í matarbúð er hægt að | ___ ganga og skokka. |
| 5. Í skartgripabúð er hægt að | ___ senda bréf og ná í pakka. |
| 6. Í garði er hægt að | ___ fara í messu, gifta sig og skíra barn. |
| 7. Í sundlaug er hægt að | ___ láta gera við tennurnar sínar. |
| 8. Á bókasafni er hægt að | <u>/</u> taka út peninga og skoða stöðuna á reikningnum. |
| 9. Á kaffihúsi er hægt að | ___ gista. |
| 10. Á pósthúsi er hægt að | ___ synda og liggja í heita pottinum. |
| 11. Á skemmtistað er hægt að | ___ horfa á bíómyndir. |
| 12. Á lögreglustöð er hægt að | ___ drekka kaffi og borða kökur. |
| 13. Á veitingastað er hægt að | ___ taka bensín. |
| 14. Á listasafni er hægt að | ___ dansa og skemmta sér. |
| 15. Á hóteli er hægt að | ___ kaupa inn fyrir heimilið. |
| 16. Á bílastæði er hægt að | ___ fá lánaðar bækur og geisladiska. |
| 17. Á bensínstöð er hægt að | ___ fá aðstoð lögreglunnar. |
| 18. Hjá tannlækni er hægt að | ___ skoða málverk og listaverk. |



1.6 Hvað gerir John? Skrifaðu rétt orð í eyðurnar



sund bækur bréf bensín pottinum eyrnalokka pylsu sund pakka

John tekur _____ á bensínstöð og kaupir _____ og kók.

Hann fer í _____ og syndir og liggur í heita _____.

Hann gengur á pósthúsið og nær í _____ og sendir _____.

Hann kaupir _____ í skartgripabúð og fær lánaðar _____
á bókasafninu.

1.7 Hvað gerir þú? Skrifaðu rétt orð í eyðurnar



geng kaupi tek syndi sendi ligg næ fæ fer


Ég _____ bensín á bensínstöð. Ég _____ í sund og _____
og _____ í nuddpottinum. Ég _____ á pósthúsið og _____
í pakka og _____ bréf. Ég _____ skartgrip, föt og skó í búðum
og _____ lánaðar bækur á bókasafni.

1.8 Tölum saman!



- Hvað gerir þú á bensínstöð?
- Hvað gerir þú í sundi?
- Hefur þú farið á bókasafn á Íslandi?
- Hvað er hægt að gera á bókasafni?
- Ferðu oft á pósthús?
- Hvað gerir þú á pósthúsi?
- Hvað langar þig að kaupa í skartgripabúð?

Já, ég hef farið ... / Nei, ég hef ...



2. Hjá tannlækninum



H3.8

Tannlæknir: Komdu sæl. Ég heiti Herdís. Gjörðu svo vel að setjast.

Dorota: Sæl. Dorota heiti ég. Ég er rosalega kvíðin.
Ég hef ekki farið til tannlæknis í fimm ár!

Tannlæknir: Ég skil. Vertu alveg róleg. Þú þarft ekki að vera stressuð,
þetta verður ekkert vont!

Dorota: Ég skal reyna að slappa af. (Hugsar: Ég er viss um að þetta verður vont!).

Tannlæknir: Opnaðu nú munninn! Ég ætla að taka nokkrar röntgenmyndir.
Ertu með tannpínu?

Dorota: Já, ég finn til í einni tönn.

Tannlæknir: Ef tönnin er skemmd þá færðu deyfingu og þá finnur þú ekkert til!



*Hefur þú farið til tannlæknis á Íslandi?
Finnst þér dýrt að fara til tannlæknis?*

3. Á spítala



- Læknir: Komdu sæll. Ég heiti Guðmunda og er læknir hérna á bráðamóttökunni. Hvað er að hjá þér?
- Felix: Mér er svo illt í maganum. Og ég er líka alltaf þreyttur.
- Læknir: Ég ætla að skoða þig. Er vont ef ég ýti á magann?
- Felix: Ái! Já, þetta er vont.
- Læknir: Við tökum blóðprufur og sjáum svo til.

Eftir klukkutíma


- Læknir: Jæja, Felix. Það eru komnar niðurstöður úr blóðprufunum. Þú ert lágur í blóði.
- Felix: Hvað þýðir það? Hvað er lágur í blóði?
- Læknir: Það þýðir að þú ert með of lítið blóð. Þú þarft að fara í magaspeglun í fyrramálið. Þá sjáum við hvort þú ert með magasár.
- Felix: Ég er svangur. Má ég borða?
- Læknir: Nei, þú mátt alls ekki borða eða drekka. Þú færð vökva í æð og sefur hérna í nótt.



3.1 Spyrjið og svarið



1. Hvar er Felix illt?
2. Hvernig líður honum?
3. Hvað gerir læknirinn?
4. Hvað á að gera við Felix?
5. Hvað má Felix ekki gera?




	<p>blóðprufa</p> <p>blóðþrýstingur</p>	<p>Ég fer í blóðprufu á morgun.</p> <p>Hann er með of háan/of lágan blóðþrýsting.</p>
	<p>rannsókn</p>	<p>Hún fer í rannsókn á morgun.</p>
	<p>röntgenmyndataka</p> <p>magaspeglun</p>	<p>Það þarf að taka röntgenmynd af hendinni.</p> <p>Hann fer í magaspeglun í fyrramálið.</p>

4. Bílakaup

4.1 Á bílasölu



H3.10-11



Dariusz og Anna ætla að kaupa sér notaðan bíl.

Þau eru búin að fara á allar bílasölur í bænum að leita að rétta bílnum.

Dariusz langar að kaupa kraftmikinn bíl en Anna vill frekar fá bíl sem eyðir litlu bensíni. Að lokum finna þau bíl sem þau vilja bæði kaupa.

Sölumaður: Góðan daginn, get ég aðstoðað ykkur?

Dariusz: Já, okkur langar að kaupa þennan bíl.

Sölumaður: Já, þetta er finn bíll. Lítið keyrður og lítur vel út.

Anna: Hefur hann lent í árekstri?

Sölumaður: Nei, það er ekkert tjón skráð á þennan bíl.

Dariusz: Það er sett á hann 1,9 milljónir (ein komma níu).
Við ætlum að bjóða 1,6 (eina komma sex). Við tökum yfir lánið sem hvílir á bílnum og borgum fimm hundruð þúsund í peningum.

Sölumaður: Seljandinn samþykkir þetta. Til hamingju með bílinn!



4.2 Að sækja um lán



H3.12

Þjónustufulltrúi: Daginn, hvað get ég gert fyrir ykkur?

Anna: Við ætlum að sækja um lán til að kaupa bíl.

Þjónustufulltrúi: Hvað er það stórt lán?

Dariusz: 300.000 krónur (þrjú hundruð þúsund).

Þjónustufulltrúi: Það er örugglega í lagi. En þið þurfið ábyrgðarmann.
Fyllið út umsókn um lán. Þetta tekur þrjá virka daga.

Hefur þú keypt bíl á Íslandi?



Hvað segir Fríða frænka?

Þegar þú kaupir bíl þarftu að skrifa undir eyðublað sem heitir:
Kaupsamningur og afsal milli seljanda og kaupanda ökutækis.
Á www.us.is eru eyðublöð á íslensku, ensku og pólsku.

4.3 Hvar er fólkið?

Hlustaðu á samtölin og segðu hvar fólkið er



H3.13-16

1. A: Ó, hvað það er fallett hérna!

B: Já, blóm og tré í öllum regnbogans litum.

Hvar er fólkið?

2. A: Á hvaða dælu varstu?

B: Dælu tvö.

A: Eitthvað fleira?

B: Já, einn kaffi.

Hvar er fólkið?

3. A: Á, þetta er vont!

B: Vertu rólegur. Þetta er bráðum búið. Ég á bara eftir að setja fyllingu í tönnina.

Hvar er fólkið?

4. A: Ertu búin að velja?

B: Nei, ég get ekki ákveðið mig.

Þetta er allt svo fallett! En líka dýrt!

A: Já, skartgripir eru oft dýrir.

Hvar er fólkið?

4.4 Hvar eruð þið?

Vinnið tvö saman. Búið til samtál á einhverjum stað og leikið fyrir bekkinn. Bekkurinn giskar hvar þið eruð



5. Ég keyri mikið í vinnunni



H3.17-21

Ég heiti Kalli. Ég er strætóbílstjóri. Ég **keyri** í vinnuna klukkan sjö á morgnana. Ég **keyri** líka allan daginn í vinnunni.

Ég heiti Sólveig. Ég er bréfberi. Ég **geng** í vinnuna klukkan hálfátta á morgnana. Ég **geng** líka mikið í vinnunni!

José hringdi í lækinn í síðustu viku. Hann á tíma **hjá læknum** á morgun. José fer **til læknis** klukkan 11.

Sam þarf að fara í **bankann**. Hann ætlar að sækja um lán í **bankanum**. Síðan ætlar hann á **bensínstöðina**. Hann þarf að kaupa nýjan gaskút á **bensínstöðinni**.

Ég fer **til** útlanda í sumar. Ég ætla að fara **til Póllands** og **Spánar**. Mig langar líka að skreppa í helgarferð **til London** í heimsókn **til vinkonu minnar** en kannski fer ég bara **til Akureyrar** og **Egilsstaða**.

Ég fer/keyri/geng/ hjóla/hleyp ...	Ég er/vinn/sit ...	Ég fer ...
í bankann	í bankanum	til læknis
í skólann	í skólanum	til tannlæknis
í garðinn	í garðinum	til verkstjórans
í vinnuna	í vinnunni	til vinar míns
í kirkjuna	í kirkjunni	til vinkonu minnar
í búðina	í búðinni	til London
á spítalann	á spítalanum	til Reykjavíkur
á lögreglustöðina	á lögreglustöðinni	til Selfoss
á skrifstofuna	á skrifstofunni	til Póllands
á pósthúsið	á pósthúsinu	til Ítalíu
á bókasafnið	á bókasafninu	til Vestmannaeyja
á hótelið	á hótelinu	til Filippseyja

5.1 Skrifaðu orðin í svigunum rétt



Dæmi: Ég var á (spítalinn) **spítalanum** í tvo daga.

1. Ég keyrði á (hótelið) _____.
2. Hún fór á (skrifstofan) _____ í morgun.
3. Hún vinnur á (skrifstofan) _____ uppi.
4. Hann hjólar í (kirkjan) _____ á sunnudögum.
5. Þeir fara í (garðurinn) _____ á kvöldin.
6. Við kaupum í matinn í (búðin) _____.
7. Ég ætla að vera eina viku á (hótelið) _____.
8. Við förum í (búðin) _____ tvisvar í viku.
9. Hann er í messu í (kirkjan) _____ í eina klukkustund.
10. Þau sitja og læra á (bókasafnið) _____.
11. Þeir vinna í (garðurinn) _____ á hverju kvöldi.
12. Ég ætla til (vinur minn) _____ á eftir.

6. Hvað kann ég?



6.1 Tengdu rétt saman



- | | |
|--|--------------------------------|
| 1. Ég ætla að borða góðan mat | ___ í garðinum. |
| 2. Við fórum að skoða bíl | ___ á lögreglustöðinni. |
| 3. Mér finnst gaman að skoða falleg tré | ___ í bankanum. |
| 4. Presturinn messar | ___ til vinar þíns? |
| 5. Þau eru lögreglumenn. Þau vinna | ___ á ítalska veitingastaðnum. |
| 6. Hann er með tannpínu og þarf að fara | ___ á bílastæðinu. |
| 7. Hún ætlar að sækja um lán | ___ á bílasölu. |
| 8. Hann þarf að fara í blóðprufur | ___ til tannlæknis. |
| 9. Hvenær ætlar þú í heimsókn | ___ í kirkjunni. |
| 10. Það er ekkert laust stæði fyrir bílinn | ___ á bókasafninu. |
| 11. Ég þarf að taka bensín. Ég skrepp | ___ á spítalanum. |
| 12. Þú færð bókasafnskort | ___ á bensínstöðina. |

6.2 Veldu þrjá (3) staði í þínum bæ.

Skrifaðu og segðu frá hvað er hægt að gera þar



a) Staður: _____

b) Þar er hægt að _____

c) Staður: _____

d) Þar er hægt að _____

e) Staður: _____

f) Þar er hægt að _____

7. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann að segja

- Á skattstofu er hægt að fá skattkort.
- Í banka er hægt að fá lán.
- Á bókasafni er hægt að fá lánaðar bækur.
- Á bensinstöð er hægt að taka bensín.
- Í garði er hægt að ganga og skoða tré og blóm.
- Á bílasölu er hægt að skoða og kaupa bíl.

2. Ég kann að spyrja og svara

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Hvað gerir þú á bensinstöð? | <input type="checkbox"/> Ég tek bensín. |
| <input type="checkbox"/> Hefur þú farið til tannlæknis á Íslandi? | <input type="checkbox"/> Já, ég hef farið til tannlæknis. |
| | <input type="checkbox"/> Nei, ég hef ekki gert það. |
| <input type="checkbox"/> Hvað er hægt að gera á bókasafni? | <input type="checkbox"/> Það er hægt að fá lánaðar bækur. |
| <input type="checkbox"/> Hefur þú keypt bíl á Íslandi? | <input type="checkbox"/> Já, ég hef keypt bíl. |
| | <input type="checkbox"/> Nei, ég hef ekki keypt bíl á Íslandi. |

3. Ég kann orðin

- | | |
|-------------------------------------|---------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> bílastæði | <input type="checkbox"/> lögreglustöð |
| <input type="checkbox"/> lán | <input type="checkbox"/> skattkort |
| <input type="checkbox"/> lögheimili | <input type="checkbox"/> tannlæknir |

4. Ég kann að segja

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Ég geng í vinnuna. | <input type="checkbox"/> Ég er í vinnunni. |
| <input type="checkbox"/> Ég keyri í bankann. | <input type="checkbox"/> Ég fæ debetkort í bankanum. |
| <input type="checkbox"/> Ég fer til læknis. | <input type="checkbox"/> Ég hringi í lækninn. |
| <input type="checkbox"/> Ég ætla til vinar míns. | <input type="checkbox"/> Ég fer til vinkonu minnar. |
| <input type="checkbox"/> Ég ætla til Reykjavíkur. | <input type="checkbox"/> Ég fer til Póllands. |

5. Hvað lærði ég fleira í 2. kafla? _____

6. Hvað ætla ég að nota? _____

7. Hvað þarf ég að læra betur? _____

Föll	Karlkyn – hann	Kvenkyn – hún	Hvorugkyn – það
nefnifall (nf)	garður- inn banki- nn	vinna- n bensínstöð- in	hótel- ið pósthús- ið
þolfall (þf)	garð- inn banka- nn	vinnu- na bensínstöð- ina	hótel- ið pósthús- ið
þágufall (þgf)	garði- num banka- num	vinnu- nni bensínstöð- inni	hótel- inu pósthús- inu
eignarfall (ef)	garðs- ins banka- ns	vinnu- nnar bensínstöðvar- innar	hótels- ins pósthúss- ins

Dæmi

Þetta er... + nefnifall (nf)	Ég fer/keyri/geng/ hjóla/hleyp ... + þolfall (þf)	Ég er/vinn/sit ... + þágufall (þgf)	Ég sakna... + eignarfall (ef)
bankinn garðurinn vinnan bensínstöðin pósthúsið hóтелиð	í bankann í garðinn í vinnuna á bensínstöðina á pósthúsið á hótelið	í bankanum í garðinum í vinnunni á bensínstöðinni á pósthúsinu á hótelinu	bankans garðsins vinnunnar bensínstöðvarinnar pósthússins hótelsins
Þetta er + nf Þetta eru + nf	Ég hringi í + þf Ég hugsa um + þf	Ég er hjá + þgf Ég er frá + þgf	Ég fer til + ef
læknirinn verkstjórinn vinur minn vinkona mín París Reykjavík England Filippseyjar	lækninn verkstjóran vin minn vinkonu mína París Reykjavík England Filippseyjar	lækninum verkstjóranum vini mínum vinkonu minni París Reykjavík Englandi Filippseyjum	læknis verkstjórans vinar míns vinkonu minnar Parísar Reykjavíkur Englands Filippseyja

Ópersónulegar sagnir: að lítast á, að bregða

	að lítast á		nútið og þátíð
mér þér honum henni því okkur ykkur þeim	líst	vel á vinnuna. ágætlega á kennarann. sæmilega á íbúðina. illa á bílinn.	Mér líst vel á nýju íbúðina. Mér leist illa á bílinn sem ég sá í gær.
	að bregða		
mér þér honum henni því okkur ykkur þeim	bregður	þegar hann sér reikninginn. alltaf þegar hún sér hundinn. þegar við förum út í kuldann.	Mér bregður oft á dag. Mér brá í gær þegar síminn hringdi!



Orðabanki – Notaðu orðabók



orð	þýðing	orð	þýðing
að bregða		lán	
að deyfa		lögheimili	
að fá		lögreglustöð	
að lítast á		magaspeglun	
að taka		notaður	
bensínstöð		nýr	
bílasala		skattkort	
blóðprufa		skattstofa	
blóðþrýstingur		tannlæknir	
deyfiing		tjón	
(bensín)dæla		vökvi	
eyðublað		æð	
kvíðinn			



1. Gunnar og Harpa



H3.22

Gunnar: Hæ, hæ.

Harpa: Hæ, hvernig gengur að finna íbúð?

Gunnar: Mjög vel, ég flutti inn í gær!

Harpa: Frábært! Hvað er íbúðin stór?

Gunnar: Hún er 75 fermetrar og fjögurra herbergja.

Harpa: Til hamingju! Hvenær er innflutningspartýið?


að flytja

Hvenær **flytur þú**?

Ég **flyt** á morgun.

Hvenær **fluttir þú**?

Ég **flutti** í gær.



Ég er **að leita** að íbúð.

Ég er **að leita** að **stærri/minni** íbúð.

Ég er **að selja**.

Ég er **að kaupa**.

Ég **leigi** íbúð.

2. Í hvernig húsnæði býrð þú?


Ég bý í

- herbergi með aðgangi að eldhúsi og baði.
- raðhúsi.
- einbýlishúsi.
- tvíbýlishúsi.
- fjölbýlishúsi.
- blokk.

Hvað er íbúðin þín stór?

Hún er

- stúdíóíbúð.
- tveggja herbergja.
- þriggja herbergja.
- fjögurra herbergja.
- fimm herbergja.
- sextíu og fimm fermetrar.
- hundrað fermetrar.




Ertu að kaupa eða leigir þú?

Ég er að kaupa hús/íbúð.

Ég er að leigja.


Ég leigi hús/íbúð.



Með hverjum býrðu?

Ég bý ein/einn.

Ég bý með ... fjölskyldunni minni



konunni minni

kærustunni minni

dóttur minni

systur minni

frænku minni

vinkonu minni



manninum mínum




kæranum mínum

syni mínum

bróður mínum

frænda mínum


vini mínum



2.1 Tölum saman!



- Í hvernig húsnæði býrð þú?
- Hvað er íbúðin þín stór?
- Ertu að kaupa eða leigir þú?
- Með hverjum býrðu?



2.2 Könnun

Spurðu alla í bekknum og merktu við



Í hvernig húsnæði býrðu?

Ég bý í...

herbergi _____ fjölbýlishúsi _____
raðhúsi _____ blokk _____
einbýlishúsi _____ annað? _____
tvíbýlishúsi _____

3. Smáauglýsingar - Leiguhúsnæði



H3.23-24

Íbúð óskast!

Par óskar eftir að taka á leigu
2-3ja herbergja íbúð í Breiðholti.

Við erum reglusöm og skilvísir leigjendur.
Góðri umgengni heitið. Fyrirframgreiðsla.

Anna og Stefán, s: 865 3443.

Íbúð til leigu!

Tveggja herbergja íbúð á svæði 111 er til leigu.
Mjög snyrtileg íbúð á annarri hæð í fjölbýlishúsi.
Sérinngangur. Ný uppgert eldhús og bað.

Eingöngu reglusamir, reyklusir og skilvísir
leigjendur koma til greina.

Laus strax.

Upplýs. Valdi, s: 899 6881.



Hvað segir Fríða frænka?

Á netinu er hægt að finna auglýsingar um íbúðir
til leigu. Þeir sem leigja og eiga lögheimili á Íslandi
eiga rétt á húsaleigubótum. Nánari upplýsingar á
www.felagsmalaraðuneyti.is og **www.island.is**
Mikilvægt er að gera **skriflegan leigusamning**.



3.1 Auglýsingar

Vinnið saman og gerið auglýsingar um leiguhúsnæði



Íbúð óskast til leigu

Íbúð til leigu

3.2 Gunnar og leigusalinn



H3.25

Gunnar: Mér líst vel á íbúðina. Hvað kostar að leigja hana?

Leigusalinn: 150.000 krónur á mánuði.

Gunnar: Ég gæti borgað 120.000.

Leigusalinn: Hm, mér finnst nú 150.000 eiginlega algjört lágmark.

Gunnar: 135.000, hvað segirðu um það?

Leigusalinn: Samþykkt.

Gunnar: ... og ég vil skriflegan leigusamning.

Leigusalinn: Þá verður tryggingin þriggja mánaða leiga og ég vil fá leiguna fyrirfram. Og það má alls ekki reykja eða vera með gæludýr í íbúðinni!



3.3 Spyrjið og svarið



1. Hvernig líst Gunnari á íbúðina?
2. Hvað kostar að leigja íbúðina?
3. Hvað vill Gunnar borga?
4. Hvað ætlar Gunnar að borga?
5. Hversu há er tryggingin?
6. Hvað má alls ekki gera í íbúðinni?

Honum líst ...

4. Fasteignaauglýsing



Fjölur fasteignasala kynnir:

Sérlega glæsileg tveggja herbergja íbúð (53 m²) á jarðhæð.

Forstofa er flísalögð með fataskáp. Eldhús er parketlagt og með ágætri innréttingu. Stofan er björt og rúmgóð, parketlögð með útgangi á verönd. Svefnherbergi er parketlagt og fataskápur er á heilum vegg. Baðherbergi er flísalagt með ljósum flísum, innrétting og baðkar með sturtu. Á hæðinni er sameiginlegt þvottahús með þvottavél, þurrkara og þurrkherbergi. Einnig er sameiginleg hjólageymsla. Rúmgóð sér geymsla. Íbúðin er í snyrtilegu fjölbýli. Sameign hússins er mjög snyrtileg og eru öll þrif innifalin í hússjóði.

Allar nánari upplýsingar veitir Jón Friðriksson hjá Fjölni, s. 980 000, jf@fjolnir.is

Uppsett verð: 17.500.000

Brunabótamat: 7.000.000

Fasteignarmat: 10.000.000

Áhvílandi lán: 7.500.000

Afhending: Samkomulag

4.1 Merktu við rétt svar



1. Íbúðin er ...

- a. 2 herbergja.
- b. 3 herbergja.
- c. 4 herbergja.

2. Íbúðin er ...

- a. fimmtíu og tveir fermetrar.
- b. fimmtíu og þrír fermetrar.
- c. fimmtíu og fjórir fermetrar.

3. Hvað er flísalagt í íbúðinni?

- a. Svefnherbergið, stofan og forstofan.
- b. Stofan, eldhúsið og baðherbergið.
- c. Forstofan og baðherbergið.

4. Hvað er sameiginlegt í húsinu?

- a. Þvottahúsið, hjólageymslan og geymslan.
- b. Þvottahúsið og hjólageymslan.
- c. Fataskápurinn og baðkarið.

5. Uppsett verð er ...

- a. sautján milljónir og fimm hundruð þúsund.
- b. sjö og hálf milljón.
- c. tíu milljónir.

6. Innflutningspartý!



H3.27

- Bergdís: Ég þurfti að hringja í lögregluna í gærkvöldi.
- Svava: Í alvöru? Af hverju?
- Bergdís: Af því að það voru svo mikil læti í íbúðinni fyrir neðan mig.
- Svava: Nú? Var partý?
- Bergdís: Já, það var innflutningspartý hjá þessum Einari sem flutti inn í síðustu viku.
- Svava: Hvað segirðu! Og hvað gerðist? Voru slagsmál og fyllerí?
- Bergdís: Æ nei, þau spiluðu tónlistina of hátt og dönsuðu eins og brjálæðingar. Ég var að horfa á frábæra bíómynd en heyrði ekki neitt í sjónvarpinu.
- Svava: Og hringdirðu í lögregluna og kvartaðir af því að þú heyrðir ekki í sjónvarpinu?
- Bergdís: Já, klukkan var orðin eitt og það má ekki hafa hávaða eftir miðnætti í fjölbýlishúsum.



6.1 Spyrjið og svarið



1. Hvert hringdi Bergdís í gærkvöldi?
2. Af hverju hringdi hún þangað?
3. Hvað gerði fólk í innflutningspartýinu?
4. Hvað var Bergdís að horfa á?
5. Hvað má ekki gera í fjölbýlishúsum eftir klukkan tólf?

6.2 Harpa og Einar hittast eftir partýið.

Hlustaðu og skrifaðu orðin sem vantar



H3.28



- Harpa: Hvernig var í innflutningspartýinu?
- Einar: Það _____ einhver brjáluð kerling í lögregluna!
- Harpa: Ha?! Í _____? Var svona _____ fyllerí?
- Einar: Nei, við _____ tónlist og _____!
- Harpa: Hvað _____ lögreglan við ykkur?
- Einar: Að slökkva á tónlistinni og ekki trufla nágrannana.

7. Hvað kann ég?



Einar og Harpa eru að tala saman.

Hlustaðu á samtalið og merktu við réttar setningar



H3.29



1. Harpa

- a. býr í blokk á Rauðastræti.
- b. býr í miðbænum.
- c. býr í raðhúsi í Mosfellsbæ.
- d. býr í stúdíóíbúð.

2. Íbúðin hennar er

- a. tveggja herbergja og 95 m².
- b. þrjú herbergja og 85 m².
- c. þrjú herbergja og 95 m².
- d. tveggja herbergja og 85 m².

3. Einar

- a. er að kaupa stúdíóíbúð í miðbænum.
- b. leigir stúdíóíbúð í miðbænum.
- c. býr í einbýlishúsi með stórum garði.
- d. býr í blokk í Rauðastræti.

4. Leigan er

- a. 140.000 á mánuði.
- b. 150.000 á mánuði.
- c. 110.000 á á mánuði.
- d. 120.000 á mánuði.

5. Einar býr með

- a. kærastanum sínum.
- b. kærustunni sinni.
- c. fjölskyldunni sinni.
- d. foreldrum sínum.

6. Draumahúsið þeirra er

- a. íbúðin sem þau búa í núna.
- b. einbýlishús með stórum garði og nýju eldhúsi.
- c. einbýlishús með litlum garði og svölum.
- d. einbýlishús með sundlaug í garðinum.

7. Hörpu finnst

- a. leiðinlegt að þrifa sameignina.
- b. leiðinlegt þegar nágrannarnir halda party.
- c. skemmtilegt að þrifa sameignina.
- d. finnst gaman að búa í blokk og ætlar alltaf að búa þar!

8. Sjálfsmat – Þetta kann ég!



1. Ég kann að segja í **hvernig húsnæði ég bý**

- Ég bý í einbýlishúsi
- Ég bý í blokk
- Ég bý í herbergja

2. Ég kann að segja **hvað íbúðin er stór**

- Hún er tveggja/þriggja/fjögurra herbergja
- Hún er 65 fermetrar

3. Ég kann **að segja**

- Ég er að kaupa íbúð
- Ég leigi

4. Ég kann að segja **með hverjum** ég bý

- Ég bý með manninum mínum/
konunni minni
- Ég bý með kærastanum mínum/
kærustunni minni
- Ég bý með fjölskyldunni minni
- Ég bý ein/einn

5. Ég kann orð um **leiguhúsnæði**

- að borga fyrirfram
- húsaleigubætur
- skilvísir leigjendur
- skriflegur leigusamningur
- trygging

6. Ég kann orð um **fasteignir**

- gólfefni: parket, flísar, dúkur
- sameign
- þvottahús
- geymsla
- bílastæði
- uppsett verð
- áhvílandi lán
- fasteignasala

7. Hvað lærði ég fleira í 3. kafla? _____

8. Hvað ætla ég að nota? _____

9. Hvað þarf ég að læra betur? _____

Föll

Spurning	Svar
Með hverjum býrðu?	Ég bý með ... (+ þágufall) manninum mínum/honum (kk) konunni minni/henni (kvk) barninu mínu/því (hk)

	Petta er (+nefnifall)	Ég bý með (+ þágufall)
karlkyn eintala	maðurinn minn kærastinn minn sonur minn bróðir minn frændi minn vinur minn	manninum mínum kærastanum mínum syni mínum bróður mínum frænda mínum vini mínum
persónufornafn	hann	honum

	Petta er (+nefnifall)	Ég bý með (+ þágufall)
kvenkyn eintala	konan mín kærastan mín dóttir mín fjölskylda mín frænka mín systir mín vinkona mín	konunni minni kærustunni minni dóttur minni fjölskyldu minni frænku minni systur minni vinkonu minni
persónufornafn	hún	henni

	Petta eru (+nefnifall)	Ég bý með (+ þágufall)
karlkyn fleirtala	vinir mínir foreldrar mínir	vinum mínum foreldrum mínum
kvenkyn fleirtala	vin konur mínar	vin konum mínum
hvorugkyn fleirtala	börn mín	börnunum mínum
persónufornafn	þeir/þær/þau	þeim

Tölur og herbergi í íbúð

Hvað er íbúðin stór?	Hún er ...
2 (tvö) herbergi	tveggja herbergja
3 (þrjú) herbergi	þriggja herbergja
4 (fjögur) herbergi	fjögurra herbergja
5 (fimm) herbergi	fimm herbergja
6 (sex) herbergi	sex herbergja

Sagnir - þátíð

Sagnir: -aði (regla 1)

	ég	þú	hann/hún/það	við	þið	þeir/þær/þau
að dansa	dansaði	dansaðir	dansaði	dönsuðum	dönsuðuð	dönsuðu
að skoða	skoðaði	skoðaðir	skoðaði	skoðuðum	skoðuðuð	skoðuðu

Sagnir: -ði, -di, -ti (regla 2)

	ég	þú	hann/hún/það	við	þið	þeir/þær/þau
að horfa	horfði	horfðir	horfði	horfðum	horfðuð	horfðu
að gera	gerði	gerðir	gerði	gerðum	gerðuð	gerðu
að hringja	hringdi	hringdir	hringdi	hringdum	hringduð	hringdu
að brosa	brosti	brostir	brosti	brostum	brostuð	brostu

	ég	þú	hann/hún/það	við	þið	þeir/þær/þau
að flytja* ³	flutti	fluttir	flutti	fluttum	fluttuð	fluttu
að þurfa*	þurfti	þurftir	þurfti	þurftum	þurftuð	þurftu



Orðabanki – Notaðu orðabók



orð	þýðing	orð	þýðing
að flytja		hússjóður	
að leigja		leigjandi	
að selja		parket	
afhending		raðhús	
bílastæði		reglusamur	
blokk		reyklaus	
einbýlishús		sameign	
fjölbýlishús		skilvís	
flísar		snyrtilegur	
fyrirfram		stúdíóíbúð	
geymsla		svalir	
gæludýr		trygging	
hávaði		umgengni	

4 Venjur og siðir



1. Gifting



H3.30

Edyta og Palli ætla að gifta sig í sumar. Edyta er pólsk en Palli íslenskur. Þau ætla að halda tvær brúðkaupsveislur, eina á Íslandi og aðra í Póllandi. Það þarf að skipuleggja rosalega mikið fyrir brúðkaupsveislu.

1.1 Hvað þarf að gera? Hvað dettur þér í hug?



Það þarf að ...

1.2 Undirbúningurinn



H3.31

Tengdamamma: Edyta mín, hvernig gengur hjá ykkur að undirbúa?

Edyta: Bara vel.

Tengdamamma: Ertu örugglega búin að panta salinn og kirkjuna?

Edyta: Já, það verður að gera það snemma. Ég gerði það í fyrrasumar!

Tengdamamma: En maturinn? Eruð þið búin að ákveða veitingarnar?

Edyta: Vinur okkar sem er kokkur ætlar að sjá um matinn og vinkonur mínar ætla að baka kökur.

Tengdamamma: En kjóllinn, hárgreiðslan og snyrtingin? Á ég ekki að hjálpa þér eitthvað?

Edyta: Komdu bara með mér í hárgreiðsluna. Við getum fengið okkur kampavínsglas saman og slakað á!

Tengdamamma: Já, ég er til í það. Það verður gaman. Hann Palli minn er nú heppinn að eignast svona góða og skipulagða konu eins og þig!



Hvað segir Fríða frænka?

Á Íslandi er hægt að giftast í kirkju eða hjá sýslumanni (borgaraleg gifting). Margir á Íslandi giftast ekki heldur eru skráðir í sambúð. Á Íslandi er líka algengt að fólk búi fyrst saman og eignist börn og giftist seinna.

1.3 Að skipuleggja veislu. Vinnið tvö eða þrjú saman



Ákveðið matseðilinn, gestalistann og skemmtiatriði!
Ákveðið líka hver gerir hvað við undirbúninginn.

Dæmi: **Hugkort**



MATUR:
snittur
kransakökur
ávextir

**FJÓLA
40 ÁRA**

DRYKKIR:
rauðvín
hvítvín
gos

KAUPA:
kerti
servíettur
glös

Gestalistinn:

Matseðillinn:

1.4 Boðskortin



Edyta: Palli, ertu búinn að sækja boðskortin?


Palli: Æ, nei, ég gleymdi því.

Edyta: Palli, þú lofaðir! Við verðum að fara að senda boðskortin. Giftingin er eftir mánuð!

Palli: Já, ég veit. Ég lofa að ná í kortin á morgun.

Edyta: Mamma þín heldur að ég sé svo skipulögð en við eigum eftir að gera svo margt!

Palli: Þetta verður allt í lagi – ekkert stress, bara hress!



Hilmar vann 25 milljónir í lottó.
Rosalega er hann **heppinn!**



Rósa var **heppin** í gær.
Hún fann 5000 krónur úti á götu.

Ég datt og handleggsbrotnaði í gær.
Æ, þú ert alltaf svo **óheppin!**

Viltu **lofa mér** að hlaupa ekki út á götu?
Já, mamma, ég lofa.

Viltu **lána mér** pening? Ég lofa að borga þér
á morgun.

Hann **lofaði henni** í gær að fara strax til læknis.

Giftingar geta verið hefðbundnar (venjulegar) eða óhefðbundnar (óvenjulegar)!



Hefðbundin brúðhjón



Óhefðbundin brúðhjón

1.5 Hvernig er hefðbundið brúðkaup í þínu heimalandi?



Geturðu notað þessi orð? í marga daga dýrt margir gestir
gjafir stór veisla að skála að halda ræðu að kysstast
tónlist margir réttir blóm athöfn að syngja

2. Áramót

2.1 Í vinnunni



Vu: Sæll Kiddi. Má ég aðeins tala við þig?

Kiddi: Já, gjörðu svo vel.

Vu: Það er gamlársdagur á föstudaginn og mig langar að biðja um frí í vinnunni.

Kiddi: Gamlársdagur? En það er febrúar núna!

Vu: Það eru kínversku áramótin. Þau eru yfirleitt í febrúar.

Kiddi: Já, alveg rétt. Og verður stór veisla hjá ykkur?

Vu: Já, öll fjölskyldan borðar saman mjög góðan mat. Það eru margir réttir, konan mín eldar í marga daga! Í Kína er líka stór flugeldasýning og frí í nokkra daga. Allir fara í heimsóknir til vina og ættingja og börnin fá smá peninga.

Kiddi: Hvaða ár kemur núna?

Vu: Það kemur ár hundsins. Ég er fæddur á ári dregans.

Kiddi: Ég er nú bara ljón, fæddur í ágúst. En það er allt í lagi að fá frí á föstudaginn. Gleðilegt nýtt ár!

Vu: Takk fyrir.


Veistu eitthvað fleira um kínversku áramótin?



2.2 Hvernig eru íslensku áramótin?



áramótaskaup áramótabrennur
flugeldar party



Hvað segir Fríða frænka?

Hvaða dagar eru frídagar á Íslandi?

Það eru: nýársdagur, páskadagur, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, uppstigningardagur, 1. maí, Hvítasunnudagur, annar í hvítasunnu, 17.júní, frídagur verslunarmanna, jóladagur, annar í jólum.

Skoðaðu dagatalið og sjáðu hvenær frídagarnir eru. Átt þú frí þessa daga?

2.3 Hvernig eru áramótin í þínu heimalandi?



Hvað gerir fólk? Hvað er í matinn?

3. Stórafmæli



H3.34

Sóley: Áttu ekki afmæli bráðum?

Hildur: Jú, stórafmæli! Ég verð þrítug á laugardaginn.

Sóley: Til hamingju. Hvað ætlarðu að gera? Ætlarðu að halda uppá það?

Hildur: Já, ég ætla að bjóða fjölskyldunni og nokkrum vinum í mat.

Sóley: Hvað ætlarðu að hafa?

Hildur: Ég á nú ekki mikinn pening svo ég ætla bara að elda góða súpu og baka gott brauð. Mamma mín ætlar að baka stóra tertu og systir mín býr til salat. Hún býr til rosalega góðan mat.

Sóley: Þetta verður flott veisla. Vonandi færðu góðar gjafir. Hvað langar þig í í afmælisgjöf?

Hildur: Mig langar í svo margt. Mig langar í flotta tösku, stóran hring, dýrt úr, nýjan síma, fallega mynd, þykkann trefil, lítinn sportbíl ...

Sóley: Ha, sportbíl??

Hildur: Nei, ég er bara að grínast. Mig langar bara að hafa það skemmtilegt með vinum mínum og fjölskyldu.

3.1 Spyrjið og svarið



1. Hvað ætlar Hildur að elda fyrir afmælið sitt?
2. Hvað gerir systir hennar?
3. Hverjir koma í afmælisveisluna?
4. Hvað langar Hildi í afmælisgjöf?
5. Langar Sóleyju að fara í afmælið?

Mig langar í	nýjan bíl nýja tösku nýtt úr	Ég borðaði	sterkan mat góðan fisk holla súpu dýrt kjöt
Hann ætlar að kaupa	stóran hring stóra mynd stórt sjónvarp	Ég drekk	góðan bjór hollan safu kalda mjólk heitt kaffi og te
Hún fór í búð og sá	flottan sófa flotta peysu flott pils	Ég eldaði Ég baka	hollan mat góða súpu gott brauð stóra köku

3.2 Skrifaðu rétt orð í eyðurnar



Dæmi: Þetta er **flottur sófi**. Ég sá **flottan sófa** í búð um helgina.

1. Þetta er **flott peysa**. Ég sá _____ í blaði.
2. Þetta er **nýr bíll**. Mig langar í _____.
3. Þetta er **hollur safi**. Hann drekkur _____.
4. Þetta er **stór kaka**. Ég baka stundum _____ fyrir afmæli.
5. Þetta er **stór hringur**. Hana langar að kaupa _____.
6. Þetta er **hollur matur**. Við elduðum alltaf _____.
7. Þetta er **dýrt kjöt**. Þau borða stundum _____ á sunnudögum.
8. Þetta er **flott pils**. Ég sá _____ í búð í gær.

3.3 Skrifaðu orðin í svigunum rétt



Dæmi: Óli fór í bæinn og sá (nýr bíll) **nýjan bíl**.

Ásmundur fór í bæinn í gær. Hann sá (flottur sófi) _____

og keypti (stór hringur) _____ Hann langar líka í (ný taska)

_____ fyrir fartölvuna sína. Hann fór líka í matarbúð og keypti inn.

Hann borðaði oft (sterkur matur) _____ þegar hann bjó í Taílandi.

Hann drekkur (góður bjór) _____ þegar hann er í Belgíu. Hann kann

bæði að baka og elda og bakar stundum (gott brauð) _____.

og eldar oft (holl súpa) _____.

3.4 Tölum saman!



a) Hvað gerðir þú um síðustu áramót?

Ég fór ... /Ég var ...

b) Kaupir þú flugelda?

c) Hvenær átt þú næst stórafmæli?

Á þessu ári/Eftir ... ár/Árið ...

d) Hvað langar þig í í afmælisgjöf?

Mig langar í ...


e) Ef þú myndir vinna 25 milljónir í lottó,
hvað myndir þú gera?

Ég myndi (kaupa/gefa) ...

4. Ólíkir persónuleikar



H3.35



Hafsteinn og Eysteinn eru tvíburar en ótrúlega ólíkir. Hafsteinn er ljóshærður með slétt hár og frekar hávaxinn og grannur. Eysteinn er með dökkt liðað hár og frekar lágvaxinn með smá ístru. Þeir eru líka mjög ólíkir persónuleikar. Hafsteinn er félagslyndur og ófeiminn. Honum finnst þægilegt að hafa fullt af fólki í kringum sig. Hann er stundum stressaður og Eysteini finnst bróðir sinn of kærulaus. Eysteinn er mjög rólegur maður og svolítið lokaður og finnst best að vera einn. Hann er ákveðinn maður en Hafsteini finnst hann stundum dálítið frekur. Þeim líður samt vel saman og fara stundum saman í veiðiferðir. Þá talar Hafsteinn og Eysteinn hlustar!

4.1 Tengdu andstæð orð



1. opinn _____ afslappaður
2. stressaður _____ ófeiminn
3. ákveðinn _____ skipulagður
4. kærulaus _____ 1 lokaður
5. feiminn _____ óákveðinn
6. grannur _____ þybbinn

4.2 Skiptu orðunum í jákvæð eða neikvæð orð



skipulagður óstundvís óákveðinn nákvæmur opinn stundvís nískur
ósnyrtilegur kærulaus félagslyndur gjafmildur leiðinlegur fúllyndur
ákveðinn feiminn glaðlyndur ónákvæmur lokaður fyndinn snyrtilegur

 Jákvæð orð

 Neikvæð orð


4.4 Hvernig persónuleiki ert þú? Skrifaðu eða segðu frá



5. Hvað kann ég?



Krossgáta




➔ Lárétt:

- 3 Petta eru ...
- 5 Hafsteinn á marga vini. Hann er ...
- 6 Benni kemur alltaf á réttum tíma. Hann er ...
- 8 Mér er kalt. Mig langar í ... kaffi.
- 9 31. desember.
- 11 Hafsteinn og Eysteinn eru ...
- 13 ... áramótin eru í febrúar.
- 14 Petta er ...
- 16 Til ... með afmælið!



⬇ Lóðrétt:

- 1 Siggí er alltaf að taka til. Hann er mjög ...
- 2 Petta eru ...
- 4 Gunna er alltaf að segja brandara. Hún er mjög ...
- 6 Ég ætla að baka ... köku.
- 7 Bíllinn minn er gamall. Mig langar í ... bíl.
- 8 Jón vann í lottó. Hann er ...
- 10 ... nýtt ár!
- 12 Ég er þyrstur. Mig langar í kaldan ...
- 15 Anna talar mikið. Hún er mjög ...



6. Sjálfsmat – Þetta kann ég!



1. Ég kann að segja

- Viltu lána mér peninga/föt/bók?
- Ég bý í blokk
- Ég lofa þér ...

2. Ég kann orð um veislur

- gestir
- matseðill
- gjafir
- veitingar
- boðskort

3. Ég kann að segja frá

- áramótum
- veislum

4. Ég kann að segja

- Mig langar í nýjan bíl
- nýja tösku
- nýtt úr
- Ég borða sterkan mat
- Ég sá flotta peysu
- Ég baka gott brauð

5. Ég kann orð um persónuleika

- Hann/hún er
- feimin/n
- fyndin/n
- félagslynd/ur
- skipulagður/skipulögð
- kærulaus

6. Ég kann að lýsa persónuleika mínum

- Ég er
- stundvís
- óstundvís
- snyrtileg/ur
- ákveðin/n
- óákveðin/n

7. Hvað lærði ég fleira í 4. kafla? _____

8. Hvað ætla ég að nota? _____

9. Hvað þarf ég að læra betur? _____

Persónufornöfn í föllum

<i>Eintala</i>	nefnifall (nf)	ég	þú	hann	hún	það
	þolfall (þf)	mig	þig	hann	hana	það
	þágufall (þgf)	mér	þér	honum	henni	því
	eignarfall (ef)	mín	þín	hans	hennar	þess
<i>Fleirtala</i>	nefnifall (nf)	við	þið	þeir	þær	þau
	þolfall (þf)	okkur	ykkur	þá	þær	þau
	þágufall (þgf)	okkur	ykkur	þeim	þeim	þeim
	eignarfall (ef)	okkar	ykkar	þeirra	þeirra	þeirra

Dæmi:

- borga + þágufall Ég ætla að **borga þér** á morgun.
- lána + þágufall Hún **lánaði honum** 10.000 krónur.
- lofa + þágufall Ég **lána þeim** stundum föt.
- gleyma + þágufall Hann **lofaði henni** að koma klukkan sjö.
- hjálp + þágufall Þú **lofaðir okkur** að borga í dag!
- hjálp + þágufall Skólinn byrjar í næstu viku. Ekki **gleyma því!**
- hjálp + þágufall Viltu **hjálp mér** á sunnudaginn?

Sterk lýsingarorð: Athugaðu: a → ö

	karlkyn – kk	kvenkyn – kvk	hvorugkyn – kvk
nefnifall (nf)	heitur/kaldur	heit/köld	heitt/kalt
þolfall (þf)	heitan/kaldan	heita/kalda	heitt/kalt
þágufall (þgf)	heitum/köldum	heitri/kaldri	heitu/köldu
eignarfall (ef)	heits/kalds	heitrar/kaldrar	heits/kalds

Fleiri lýsingarorð

karlkyn	kvenkyn	hvorugkyn
sterkur	sterk	sterkt
mildur	mild	milt
góður	góð	gott
vondur	vond	vont
gamall	gömul	gamalt
nýr	ný	nýtt
hollur	holl	hollt

Fleiri lýsingarorð – persónuleikinn

karlkyn	kvenkyn	hvorugkyn
opinn	opin	opið
fyndinn	fyndin	fyndið
frekur	frek	frekt
lokaður	lokuð	lokað
afslappaður	afslöppuð	afslappað
stressaður	stressuð	stressað
félagslyndur	félagslynd	félagslynt
stundvís	stundvís	stundvíst

Sambeyging: Lýsingarorð og nafnorð

	karlkyn – kk	kvenkyn – kvk	hvorugkyn – kvk
nefnifall (nf)	fallegur strákur	falleg stelpa	fallegt barn
þolfall (þf)	fallegan strák	fallega stelpu	fallegt barn
þágufall (þgf)	fallegum stráki	fallegri stelpu	fallegu barni
eignarfall (ef)	fallegs stráks	fallegrar stelpu	fallegs barns

Dæmi:

- að þekkja + þf: Ég þekki **fallegan strák** frá Ítalíu.
 að sjá + þf: Ég sá **fallega stelpu** í gær.
 að eiga + þf: Ég á **fallegt barn**.
 að elda + þf: Hann eldaði **heita súpu**.
 að drekka + þf: Þau drekka **kaldan bjór**.
 um + þf: Ég hugsa um **fallegan hring**.

 gefa + þgf: Ég ætla að gefa **góðri konu** blóm.
 giftast + þgf: Hún giftist **góðum manni**.
 frá + þgf: Þakkinn er frá **góðum stráki**.

 til + ef: Við ætlum í heimsókn til **fallegs barns**.

Aldur – tugir

Hann/hún er ...	20 ára =	Hann er ...	tvítugur	Hún er ...	tvítug
	30 ára =		þrítugur		þrítug
	40 ára =		fertugur		fertug
	50 ára =		fimmtugur		fimmtug
	60 ára =		sextugur		sextug
	70 ára =		sjötugur		sjötug
	80 ára =		áttæður		áttæð
	90 ára =		níráður		níráð
	100 ára =		tíráður		tíráð



Orðabanki – Notaðu orðabók



orð	þýðing	orð	þýðing
að lána		fyndinn	
að lofa		glaðlyndur	
afslappaður		hollur	
ákveðinn		kærulaus	
boðskort		lokaður	
feiminn		opinn	
félagslyndur		óstundvís	
flottur		skipulagður	
frekur		snyrtilegur	
fúllyndur			

1. Auglýsing frá lögreglunni



H3.36



Lögreglan leitar að Stefano Tucci.

Stefano er fimmtán ára með dökkt, stutt hár og brún augu. Hann er um 164 cm á hæð og 55 kíló. Hann var í bláum buxum og rauðum jakka og með stór, kringlótt gleraugu. Hann fór frá heimili sínu klukkan átta í gærkvöldi og ætlaði að spila fótbolta á skólalóð Trönuberjaskóla.

Þeir sem geta gefið upplýsingar, vinsamlegast hringið í lögregluna í síma 555 44 33.

Föt og litir

blár jakki



hann er í
bláum jakka

rauð peysa



hún er í
rauðri peysu

grænt vesti



hann er í
grænu vesti

brúnir sokkar



hann er í
brúnum sokkum

hvítir skór



hann er í
hvítum skóm

svartar buxur



hún er í
svörtum buxum

Aukahlutir

eyrnalokkar



hún er með
eyrnalokka

gleraugu



hann er með
gleraugu

röndóttur trefill



hún er með
röndóttan trefil

blátt bindi



hann er með
blátt bindi

gul húfa



hún er með
gula húfu

rauður varalitur



hún er með
rauðan varalit

1.1 Búið til auglýsingu og notið myndina





1.2 Tölum saman!



- a) Í hvernig fötum ert þú í dag? *Ég er í...*
- b) En nemandinn sem situr við hliðina á þér? *Hann/hún er í...*
- c) Ertu með einhverja aukahluti? *Já, ég er með ...*
- d) En nemandinn sem situr við hliðina á þér? *Hann/hún er með ...*
- e) Hvað eru margir í svörtum buxum í stofunni?
- f) Hvað eru margir með gleraugu í stofunni?
- g) Hvað eru margir með bleikt bindi og sólgleraugu í stofunni?

2. Áhyggjur



H3.37

- Anna: Halló?
- Lögreglan: Góðan daginn. Ég heiti Guðmundur Jónsson og hringi frá lögreglunni. Þið saknið Stefano, ekki satt?
- Anna: Jú, við höfum miklar áhyggjur! Er eitthvað að fréttu?
- Lögreglan: Við leituðum í alla nótt en fundum hann ekki. Var hann með úr?
- Anna: Nei, ég held ekki. Hann á ekki úr. Af hverju?
- Lögreglan: Við fundum úr, gleraugu og bolta á skólalóðinni. Kannski er best að þú komir og skoðir þetta hjá okkur á stöðinni.
- Anna: Já, ég kem strax!



2.1 Eiga, hafa, vera með

að eiga:	að vera með:	að hafa:
Ég á systur	Ég er með ljóst hár og blá augu	Ég hef áhyggjur
Þú átt son	Hann er með gleraugu	Hún hefur hugmynd
Við eigum hús og bíl	Hún er með hálsmen	Hefur þú tíma?
Hann á úr	Ert þú með úr?	Við höfum áhuga á bókum
Ég er með úr en ég á það ekki. Pabbi minn á það.		
Ég á úr en ég er ekki með það. Það er heima.		
Ég er með úr og ég á það. Maðurinn minn gaf mér það í afmælisgjöf.		

2.2 Skrifaðu rétt orð í eyðurnar



er í á hefur er með höfum hef átt

Ég á tvær dætur og einn son. Hvað _____ þú mörg börn? Maðurinn minn er fínn í dag. Hann _____ röndótt bindi og hann _____ svörtum skóm. Hvað er klukkan? Ég _____ ekki hugmynd um það! Ég _____ ekki úr. Við _____ áhyggjur af dóttur okkar. Hún hringdi ekki í gær.

á hefur er með er í eigum hef höfum

Hvernig lítur sonur þinn út? Hann _____ brún augu og dökkt hár. Hann _____ bláum jakka. _____ þú tíma til að tala við mig? Já ég _____ tíma. Við _____ tvo bíla. Við _____ áhuga á bílum og fjallaferðum. Anna _____ stórt hús og lítinn garð.

2.3 Góðar fréttir



H3.38

Anna: Já, halló.

Lögreglan: Sæl aftur, þetta er Guðmundur Jónsson. Ég hef góðar fréttir handa þér.

Anna: Nú? Er þið búnir að finna hann?

Lögreglan: Já, viltu ekki bara tala við hann sjálf?

Stefano: Hæ mamma. Fyrirgefðu, en ég fór heim til Lúlla og við vorum að spila tölvuleik. Ég gleymdi að hringja heim og svo sofnaði ég þar.

Anna: Guði sé lof að þú ert fundinn! Við tölum svo betur saman þegar þú kemur heim.



3. Frétt í Árdegisblaðinu þann 17. mars



Lögregla og hjálparsveitir leita nú að jeppa með bílnúmerinu TG E20 sem síðast sást á Hvolsvelli um þrjúleytið föstudaginn 16. mars. Í bílnum voru fjórir. Bílstjórinn er fimmtugur karlmaður og farþegarnir eru ein kona, fjórtíu og þriggja ára og tveir unglingsstrákar, sautján og fimmtán ára. Bíllinn er af gerðinni Toyota Landcruiser, ljósgrænn á litinn. Maðurinn er hávaxinn með dökkt hár og var í bláum jakka, með trefil. Hann er af erlendum uppruna. Konan er með stutt ljóst hár. Hún var í rauðri úlpu. Strákarnir voru báðir í svörtum peysum og gallabuxum. Annar er með rautt, krullað hár en hinn er með dökkt hár og með gleraugu.

Síðast þegar til þeirra sást voru þau á leið austur. Ekki er vitað nákvæmlega hvert þau ætluðu. Veður hefur verið vont á Suðurlandi, mikið rok og snjóbylur. Færð á vegum er slæm, það er mikil hálka.

Þeir sem geta gefið einhverjar upplýsingar um ferðir fólksins eru beðnir að hafa samband við lögregluna í síma 4446677.



3.1 Spyrjið og svarið



1. Hvar sást bíllinn síðast? _____
2. Hvenær sást bíllinn síðast? _____
3. Hverjir voru í bílnum? _____
4. Hvernig bíll var þetta? _____
5. Hvernig lítur maðurinn út? _____
6. Í hvernig fötum voru strákarnir? _____
7. Hvernig hefur veðrið verið á Suðurlandi? _____
8. Hvað heldur þú að gerist næst? _____
9. Hvað þýðir að vera af erlendum uppruna? _____



Hvað segir Fríða frænka?

Neyðarsímanúmerið á Íslandi er **112**. Þú hringir í 112 til að fá lögreglu, sjúkrabíl, slökkvilið eða hjálparsveitir.

Upplýsingar um neyðarlínuna má finna á **www.112.is**.

Þar er hægt að horfa á myndband sem sýnir dæmi um útkall.

4. Árekstur



H3.40-43

Harður þriggja bíla árekstur varð á Stórubraut í morgun þegar köttur hljóp yfir veginn. Lögregla og sjúkrabíll komu á staðinn stuttu eftir áreksturinn. Tveir voru fluttir á slysadeild. Enginn er talinn alvarlega slasaður. Bílarnir eru taldir ónýtir.



1. bíll – Aron, 17 ára hringir í lögregluna

- 112: 112, neyðarlínan.
Aron: Það var slys. Ég keyrði aftan á. Og annar bíll keyrði á mig.
112: Eru einhver slys á fólki? Á ég að kalla á sjúkrabíl?
Aron: Já, ég held það.
112: Hvar eruð þið?
Aron: Á Stórubraut, rétt hjá stóru umferðarljósunum.
112: Á gatnamótum Stórubrautar og Löngugötu?
Aron: Já, einmitt.
112: Lögregla og sjúkrabíll koma strax.

2. bíll – Sigga segir frá

- Sigga: Ég lenti í árekstri og þurfti að fara á slysadeildina.
Óli: Og ertu brotin?
Sigga: Nei, en ég er tognuð í hálsinum og fékk kraga.



3. bíll – Halldór hringir í konuna sína

- Halldór: Ég lenti í slysi og fór í sjúkrabíl upp á slysó.
Lísa: Ó nei, er það alvarlegt?
Halldór: Ég held að ég sé fótbrotin. Ég fór í röntgen.
Lísa: Þarftu að fara í gifs?
Halldór: Ég veit það ekki ennþá. Ég kem líklega ekki heim strax.
Lísa: Ég kem strax til þín.

Orðaforði um slys

Árekstur	Ég lenti í árekstri.
Slys	Það var slys/hann lenti í slysi.
Ónýtur	Bíllinn er ónýtur.
Tjón	Bíllinn varð fyrir tjóni.
Tjónaskýrsla	Ég þarf að fylla út tjónaskýrslu.
Tryggingar	Tryggingarnar borga tjónið.
Neyðarlínan	Ég hringdi í neyðarlínuna (112).
Slysadeildin	Ég slasaðist og þurfti að fara á slysadeildina.
Brotinn	Ég er fótbrotin/n/handleggsbrotin/n.
Tognaður	Ég er tognuð/tognaður.
Slasaður	Hann er mjög/lítið slasaður. Hún er mjög/lítið slösuð.

4.1 Merktu við rétt, rangt eða kannski



- | | | | |
|------------------------------------|-------------------------------|--------------------------------|----------------------------------|
| Aron er mjög slasaður | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Aron þarf að fylla út tjónaskýrslu | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Sigga er brotin | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Sigga fékk kraga um hálsinn | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Halldór er fótbrotinn | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |
| Halldór kemur heim strax | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt | <input type="checkbox"/> kannski |

5. Tjónaskýrsla



H3.44



Ring ring!

Trausti: Tryggingahúsið góðan dag

Bergdís: Já, ég þarf að fá upplýsingar hjá ykkur. Bíllinn minn varð fyrir tjóni. Ég er með tryggingar hjá ykkur.

Trausti: Ertu búin að fylla út tjónaskýrslu?

Bergdís: Nei, hvar fæ ég svoliðið?

Trausti: Þú getur komið hingað og fengið eyðublað. Var þetta árekstur við annan bíl?

Bergdís: Nei, ég keyrði á ljósastaur.

Trausti: Þá geturðu fyllt út tilkynningu um ökutækjatjón á netinu.

5.1 Hlustaðu á upplýsingarnar og fylltu út eyðublaðið



H3.45

Tryggingataki

Nafn: _____

Kennitala: _____

Netfang: bergdis@bergdis.is Farsími: _____

Tjón

Tjónsdagur: _____

Tjónsstaður: _____ Póstnúmer: _____

Tjónslýsing: Hægra ljós að framan brotið

Ökutæki

Ökutæki = bíll

Bílnúmer: _____ Kennitala ökutækis: 567910-1000

Var árekstur við annað ökutæki já nei

6. Hvað kann ég?



6.1 Hvernig lítur hann út?



6.2 Merktu við rétt orð



- | | | | |
|------|-----------------------------------|-----------------------------------|--|
| Ég | <input type="checkbox"/> hef | <input type="checkbox"/> á | miklar áhyggjur af mömmu minni. Hún er svo veik. |
| Hún | <input type="checkbox"/> á | <input type="checkbox"/> er með | blá augu og sítt svart hár. |
| Hann | <input type="checkbox"/> á | <input type="checkbox"/> hefur | ekki tíma til að tala við mig. |
| Hann | <input type="checkbox"/> er með | <input type="checkbox"/> er í | bláum sokkum |
| Hann | <input type="checkbox"/> er í | <input type="checkbox"/> hefur | svörtum buxum |
| Við | <input type="checkbox"/> eigum | <input type="checkbox"/> höfum | mikinn áhuga á klassískri tónlist. |
| | <input type="checkbox"/> Ertu með | <input type="checkbox"/> Ertu í | úr? |
| | <input type="checkbox"/> Áttu | <input type="checkbox"/> Ertu með | systur? |

6.3 Lýstu myndunum eða segðu sögu um hvað gerðist



7. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann að lýsa fötum

- Hann er í bláum jakka Hann er svörtum buxum
 Hún er í rauðri peysu Hún er í brúnum skóm

2. Ég kann að lýsa aukahlutum

- Hún er með eyrnalokka Hann er með (röndóttan) trefil
 Hann er með gleraugu Hún er með (rauðan) varalit
 Hún er með hálsmen Hann er með (gula) húfu

3. Ég kann að segja

- Ég á systur Ég er með ljóst hár Ég hef áhyggjur
 Við eigum hús og bíl Hann er með gleraugu Hann hefur tíma
 Ég á úr Hún er með hálsmen Hún hefur áhuga á bókum

4. Ég kann að segja

- Ég lenti í árekstri Ég er fótbrotin/n
 Ég lenti í slysi Ég er slösuð/slasaður
 Bíllinn er ónýtur Ég fór á slysadeildina

5. Ég kann þessi orð

- Tjón Ökutæki
 Tjónaskýrsla Upplýsingar
 Tryggingar Eyðublað

6. Hvað lærði ég fleira í 5. kafla? _____

7. Hvað ætla ég að nota? _____

8. Hvað þarf ég að læra betur? _____

Lýsingarorð – föt, aukahlutir og litir

Föll	Karlkyn (hann) eintala	Kvenkyn (hún) eintala	Hvorugkyn (það) eintala
nefnifall	<i>þetta er ...</i> rauður jakki/trefill blár jakki/trefill	<i>þetta er ...</i> rauð peysa/húfa blá peysa/húfa	<i>þetta er ...</i> rautt vesti/bindi blátt vesti/bindi
þolfall	<i>hann/hún er með...</i> rauðan trefil bláan trefil	<i>hann/hún er með...</i> rauða húfu bláa húfu	<i>hann/hún er með...</i> rautt bindi blátt bindi
þágufall	<i>hann/hún er í ...</i> rauðum jakka bláum jakka	<i>hann/hún er í ...</i> rauðri peysu blárri peysu	<i>hann/hún er í ...</i> rauðu vesti bláu vesti

Föll	Karlkyn (þeir) fleirtala	Kvenkyn (þær) fleirtala	Hvorugkyn (þau) fleirtala
nefnifall	<i>þetta eru ...</i> rauðir skór/eyrnalokkar bláir skór/eyrnalokkar	<i>þetta eru ...</i> rauðar buxur/spennur bláar buxur/spennur	<i>þetta eru ...</i> rauð föt/gleraugu blá föt/gleraugu
þolfall	<i>hann/hún er með...</i> rauða eyrnalokka bláa eyrnalokka	<i>hann/hún er með...</i> rauðar spennur bláar spennur	<i>hann/hún er með...</i> rauð gleraugu blá gleraugu
þágufall	<i>hann/hún er í ...</i> rauðum skóm bláum skóm	<i>hann/hún er í ...</i> rauðum buxum bláum buxum	<i>hann/hún er í ...</i> rauðum fötum bláum fötum



eiga, vera með, hafa

að eiga	að vera með	að hafa
+ fjölskylduorð og gæludýr Ég á systur/bróður. Ég á son og dóttur. Ég á konu/mann. Ég á hund.	+ hár, augu, nef (líkamsorð) Ég er með blá augu. Ég er með dökkt hár. Ég er með stórt nef.	+ áhyggjur Ég hef áhyggjur. (+af ...)
+ hlutir sem er búið að kaupa Ég á íbúð. Ég á bíl. Ég á nýja peysu.	+ aukahlutir Ég er með gleraugu. Ég er með varalit. Ég er með bindi. Ég er með skartgrip.	+ hugmynd, skoðun Ég hef góða hugmynd. Ég hef ekki hugmynd! Ég hef skoðanir á pólitík. Hvaða skoðun hefur þú á málinu?
+ afmæli Ég á afmæli 14. september.	+ ýmsir hlutir (sem ég á eða á ekki) Ég er með penna. Ég er með tösku. Ég er með vísakort. Ég er með tyggjó. Ég er ekki með pening.	+ tími Ég hef tíma núna. Ég hef ekki tíma til að tala við þig.
+ heima Ég á heima á Akureyri.		+ áhugi Ég hef áhuga á bókum. Ég hef ekki áhuga á golfi.



Orðabanki – Notaðu orðabók



orð	þýðing	orð	þýðing
að slasast		röntgen	
áhyggjur		sjúkrabíll	
árekstur		slasaður	
brotinn		slys	
færð		slysadeild	
gifs		snjóbylur	
hálka		tilkynning	
hjálparsveit		tjón	
karlmaður		tjónaskýrsla	
kragi		tognaður	
ljósastaur		tölvuleikur	
lögregla		upplýsingar	
neyðarlína		ökutæki	
ónýtur			